
ÁRSSKÝRSLA SIBERIAN HUSKY DEILDAR FYRIR ÁRIÐ 2014

Á aðalfundi deildarinnar, þann 4. mars 2014, voru þrír aðilar kosnir í stjórn; Ólöf Gyða Risten Svansdóttir, Stefán Arnarson og Linda Jónsdóttir, öll til tveggja ára.

Tveir stjórnarmeðlimir sögðu af sér á stjórnarárinu; Alexandra Björg Eyþórsdóttir sagði af sér 4. júlí og Linda Jónsdóttir þann 28. desember. Því eru þrjú sæti laus á næsta stjórnarári; tvö til tveggja ára og eitt til eins árs (þar sem Linda átti eitt ár eftir).

INNFLUTTIR HUNDAR Á ÁRINU

Engir nýjir Siberian Husky hundar voru fluttir inn á árinu.

FJÖLDI GOTA Á ÁRINU 2014

6 Siberian Husky got voru árið 2014, alls 25 hvolpar.

MEISTARAR Á ÁRINU

Siberian Husky deildin eignaðist einn íslenskan meistar á árinu, rakkann Wolfriver's Ice Thunder Kanuck, og einn alþjóðlegan meistara; tíkina Múla Hrímu.

AUGNSKOÐANIR

Haldnar voru 3 augnskoðanir árið 2014. Alls voru 25 hundar skoðaðir og þar af greindist einn með grun um cataract og var settur í ræktunarbann þar til annað kæmi í ljós.

UPPSETNING SÝNINGAR

Siberian Husky deildin átti að sjá um að setja upp nóvembersýninguna og taka niður fyrir og hjálpa til. Deildin hafði stofnað til sýningarnefndar og gekk þó nokkuð vel að manna sýninguna þrátt fyrir að vantaði nokkra uppá að þrifa og taka niður sýninguna á sunnudeginum.

SÝNINGAR

ALÞJÓÐLEG SÝNING 22-23. FEBRÚAR 2014

BOB: ISCH Múla Hríma

BOS: C.I.B. AMCH ISCH DKCH Destiny's Fox in Socks

ISCH Múla Hríma vann grúbbuna og varð Besti Hundur Sýningar.

Tíkin Múla Duchess var Besti Hvolpur Tegundar 6-9 mánaða.

ISCH Múla Hríma átti einnig annan Besta Afkvæmahóp Sýningar.

Miðnætur-ræktun varð Besti Ræktunarhópur Sýningar.

REYKJAVÍK WINNER SÝNING – 21. JÚNÍ 2014

BOB: ISCH Múla Hríma

BOS: C.I.B. AMCH DKCH ISCH Destiny's Fox in Socks

Fengu BOB og BOS hundarnir titilinn Reykjavík Winner 2014 (RW-14).

Tíkin ISCH Múla Hríma varð önnur í grúbbunni.

Einnig átti tegundinn annan Besta Öldung Sýningar, en það var hún C.I.B. ISCH Anyka

Bootylicious Babe.

Besti Hvolpur Tegundar 6-9 mánaða var Akrafjallshnjúkur Hyrrokkína Mollý.

ALÞJÓÐLEG SÝNING – 22. JÚNÍ 2014

BOB: ISCH RW-14 Múla Hríma

BOS: C.I.B. AMCH DKCH ISCH RW-14 Destiny's Fox in Socks

ISCH RW-14 Múla Hríma vann í grúbbu 5.

Tíkin Akrafjallshnjúkur Hyrrokkína Mollý varð fjórði Besti Hvolpur Sýningar 6-9 mánaða.

Miðnætur-ræktun átti Besta Ræktunarhóp Tegundar.

Rakkinn C.I.B. AMCH DKCH ISCH RW-14 Destiny's Fox in Socks átti Besta Afkvæmahóp

Tegundar.

ALÞJÓÐLEG SÝNING – 6-7. SEPTEMBER 2014

BOB: C.I.B. AMCH DKCH ISCH RW-14 Destiny's Fox in Socks

BOS: ISCH RW-14 Múla Hríma

Rakkinn C.I.B. AMCH DKCH ISCH RW-14 Destiny's Fox in Socks varð annar í grúbbu 5.
Einnig átti tegundinn Besta Öldung Sýningar, en það var hún C.I.B. ISCH Anyka Bootylicious Babe.

Rakkinn Miðnætur One Day More varð annar Besti Hvolpur Sýningar 4-6 mánaða.

Miðnætur-ræktun átti Besta Ræktunarhóp Sýningar.

Tíkin C.I.B. ISCH Anyka Bootylicious Babe átti þriðja Besta Afkvæmahóp Sýningar.

ALÞJÓÐLEG SÝNING – 8-9. NÓVEMBER 2014

BOB: Mountain Ice Eyjafjallajökull

BOS: Valkyrju Valkyrja

Rakkinn Mountain Ice Eyjafjallajökull vann grúbbu 5.

Tíkin Múla Kría varð þriðji Besti Hvolpur Sýningar 6-9 mánaða.

Miðnætur-ræktun átti annan Besta Ræktunarhóp Sýningar.

Tíkin C.I.B. ISCH Múla Hríma átti annan Besta Afkvæmahóp Sýningar.

STIGAHÆSTU HUNDAR DEILDARINNAR

Deildin hefur reiknað út stigahæstu hunda deildarinnar og verður sá stigahæsti heiðraður.

1. Sæti: C.I.B. ISCH RW-14 Múla Hríma

2. Sæti: C.I.B. AMCH DKCH ISCH RW-14 Destiny's Fox in Socks

3. Sæti: ISCH Miðnætur Hunting Artemis

4. Sæti: C.I.B. ISCH Anyka Bootylicious Babe

5. Sæti: Raq Na Rock's Hrafnkatla

FUNDARGERÐIR

Stjórnin fundaði alls 16 sinnum yfir stjórnarárið og eru allar fundargerðirnar komnar á heimasíðu deildarinnar (www.huskydeild.com).

STYRKARAÐILAR YFIR ÁRIÐ

Aðal styrkaraðilinn fyrir Siberian Husky árið 2014 er Gæludýr.is. Aðrir styrkaraðilar sem voru svo góðir að gefa okkur vinninga fyrir bingóin tvö hafa verið birtir á heimasíðu deildarinnar.

VIÐBURÐIR STJÓRNARÁRSINS

SÝNINGARÞJÁLFAÑIR

Í kringum 4 sýningarþjálfanir voru haldnar fyrir hverjar sýningar HRFÍ.

BINGÓ 3. MAÍ 2014

Haldið var bingó í Sólheimakoti og var vel mætt. Stjórnin sá um að baka kökur fyrir bingóið og var það ágæt fjáröflun fyrir deildina.

HUSKY GRILL 14. JÚNÍ 2014

Deildin boðaði til hittings þar sem planað var að ganga ágætan hring með hundana og fá sér síðan pylsur í boði deildarinnar. Mæting mætti þó hafa verið betri.

KYNNING Á SLEÐAHUNDASPORTINU 9. SEPTEMBER 2014

Var staðið fyrir kynningu á sleðahundasportinu í samstarfi við Sleðahundaklúbb Íslands. Var vel mætt og var fólk ánægt með kynninguna.

DEILDARFUNDUR 7. OKTÓBER 2014

Stjórnin boðaði til fundar með eigendum Siberian Husky hunda innan HRFÍ til að ræða hvernig væri hægt að bæta orðspor tegundarinnar til almennings. Ákveðið var að byrja á að búa til kynningarbækling sem ræktendur gætu gefið nýbökkuðum Siberian Husky eigendum og hafa á kynningum eins og á stórhundadögum í Garðheimum.

Á fundinum var einnig stofnaðar fimm fagnefndir, hver með sinn tilgang. Fyrsta verkefni fræðslunefndar myndi vera að vinna í fræðslubæklingnum um tegundina.

Fjáröflunardeild sér um að hjálpa við fjáröflun fyrir deildina og hjálpuðu meðlimir nefndanna við að finna vinninga fyrir bingóið sem haldið var 18. október.

Skemmtinefndin fór í gang við að plana lokahófið. Sýningarnefndin hjálpaði mikið við að setja upp sýninguna í nóvember, en göngunefndin hefur ekki hafið störf enn sem komið er.

BINGÓ 18. OKTÓBER 2014

Bingóið var haldið í Sólheimakoti og var svo vel mætt og það var því miður ekki nóg af sætum fyrir alla. Greinilegt að deildinn þarf að finna nýtt húsnæði fyrir næsta bingó. Stjórnarmeðlimir og fjáröflunarnefndin bakaði fyrir bingóið og var það góð viðbót við fjáröflun fyrir deildina.

NÁMSKEIÐ MEÐ PAT HASTINGS 29-30. NÓVEMBER 2014

Deildin flutti inn leiðbeinandan Pat Hastings sem er með margra ára reynslu af hundum til að kynna hundaeigendum fyrir byggingu hunda hvað varðar sýningar og vinnu. Einnig útskírði hún leið sína til að stiggreina 8 vikna hvolpa og velja best byggða hvolpinn úr gotinu. Það var góð mæting en var þó búist við fleiri eigendum innan deildarinnar.

LOKAHÓF DEILDARINNAR 28. FEBRÚAR 2015

Lokahóf deildarinnar var planað í samstarfi við skemmtinefndina sem stofnuð var á deildarfundinum sem haldinn var 7. október 2014. Lokahófið var haldið í sal Barðstrendingafélagsins að Konnakoti við Hverfisgötu. Mættu 37 á lokahófið. Gekk allt vel og allir skemmtu sér.

Á DÖFINNI

BINGÓ

Verið er að plana bingó í apríl/maí en mun dagsetningin fara eftir hvenær ákveðinn salur er laus þar sem Sólheimakot er of lítið.

KYNNINGABÆKLINGUR

Fljótlega verður kölluð saman fræðslunefndin og lögð lokahönd á kynningabæklinginn sem er búinn að vera í vinnslu síðan nefndin var stofnuð í lok október. Búinn var til bráðabyrgða bæklingur fyrir Stórhunda daga sem haldnir voru 14-15. mars sl.